



## Námsvísir Úrvalshesta

Úrvalshestar bjóða upp á stigskipt starfsnám í hestamennsku. Hér koma fyrstu 3 stigin og eru í formi fyrirlestra, sýnikennslu, verklegar kennslu, sjálfstæðri vinnu við hross og bústörf og kenna öðrum nemendum sem eru á lægri stigum.

Að þessum þremur stigum loknum þá á nemandinn að kunna að frumtemja hest og ríða fet, brokk, tölt og stökk. Hann hafi þekkingu og reynslu í að hirða hross.

Nemandi fær 2 fyrirlestra og 2 verklega tíma á viku auk verklegra verkefna sem ýmist eru unnin undir eftirliti eða sjálfstætt. Hann þreytir próf í viðkomandi stigi þegar hann hefur náð að viðunandi færni í verklegum efnisatriðum stigsins.

### 1. Stig

**Markmið:** Nemandi getur gert ótamið tryppi reiðfært á feti í aðhaldi. Nemandi getur ríðið fet og brokk á tömdum hesti. Nemandi getur hringteymt án tauma. Nemandi tekur þátt í hirðingu hrossa.

**Lýsing:** Nemandi lærir að nota rassreipi til að ná leiðtogasambandi hjá ótömdu tryppi og kenna því að teymast. Hann lærir að kenna tryppinu að krossa að framan og aftan bæði í hendi og á baki. Hann lærir að leggja við og á tryppi og fara á og af baki. Hann lærir að gera tryppi reiðfært á feti í aðhaldi. Hann lærir að taka upp fætur á tryppi og undirbúa það fyrir járnungu. Hann lærir að láta hest hlaupa lausan í hringgerði til að þjálfra fet og brokk. Hann lærir að láta hesta hlaupa í gerði til að auka þol og þrek. Hann lærir að smala, standa fyrir og reka hross. Hann lærir að ríða fet, stíga brokk og skipta á skástæðum á tömdum hesti. Hann lærir að meta holdafar hrossa og einkenni heilbrigðs hests. Hann tekur þátt í hirðingu hrossa.

#### Verkleg efnisatriði

Ná tryppi í stíu  
Setja stallmúl á hest  
Setja beisli á hest  
Setja hnakk á hest  
Fara á og af baki  
Notkun rassreipis



Notkun góða staðarins í hendi  
Ríðið á góða staðnum  
Ríðið á hesthúsgangi  
Beygja að framan og aftan í hendi og á baki  
Taka upp fætur  
Notkun hringgerðis: fet, brokk, stjórnun stefnu og hraða  
Smala og reka hross  
Ríða fet á tömdum hesti, lóðrétt áseta og slakur taumur  
Ríða brokk á tömdum hesti, stígandi áseta og slakur taumur  
Meta holdafar  
Einkenni heilbrigðs hests  
Þátttaka í fódruun og hirðingu hrossa

### **Fyrirlestrar - efnisatriði**

Skapgerðarkort og 4 ástæður fyrir nei  
Rótarkenning og tilfinningabankareikningur  
Skynjun  
Neikvæð og jákvæð styrking  
Andskilyrðing, villulaust nám og 4 stig náms  
"Free lunge" í hringgerði  
Reka, smala  
Meta holdastig (2)  
Framkvæmd fódruunar  
Heilbrigður hestur  
Vinna í hendi  
Stjórnun, áseta, fet og brokk, "rffm" (3)  
Hvað er sameiginlegt með tamingum og fólki?

## 2. Stig

**Markmið:** Nemandi getur ríðið tamningatryppi á brokki og stökki í aðhaldi. Nemandi getur notað hringgerði við þjálfun gangtegunda og til að ná leiðtogasambandi. Nemandi hefur viðamikla þekkingu á daglegri umhirðu og eftirliti hrossa.

**Lýsing:** Nemandi lærir að ríða stökk og litla hringi á tömdum hesti. Hann lærir að ríða tamningatryppi á brokki og stökki í aðhaldi. Hann lærir að nota hringgerði til að þjálfva grunngangtegundir og ná leiðtogasambandi. Hann lærir um lífeðlisfræði meltingar. Hann lærir um helstu hrossasjúkdóma. Hann sér um



hirðingu hrossa. Hann lærir að meta ástand járningar út frá fótstöðu, hófstærð og staðsetningu skeifu.

### **Verkleg efnisatriði**

Tryppi riðið fet, brokk og stökk í skemmu  
Riðið stökk og baug á feti á tömdum hesti  
Hringgerði notað til að þjálfra fet, brokk, stökk og ná leiðtogasambandi  
Meta ástand járningar  
Hrossasjúkdómar, lífeðlisfræði meltingar  
Sjálfstæður vinnubrögð við hirðingu hrossa

### **Fyrirlestrar (15) - efnisatriði**

Reið í skemmu; fet, brokk og stökk  
Stökk, áseta og stjórnun á stökki  
Gangtegundir og afbrigði  
"Join up" og stökk í hringgerði  
Helstu hrossasjúkdómar  
Lífeðlisfræði meltingar  
Framkvæmd fóðrunar  
Ástand járninga (vöxtur hófs, fótstaða og staðsetning skeifu)  
Reið á feti, krossað að framan og aftan

## 3. Stig

**Markmið:** Nemandi getur riðið tamingatryppi á víðavangi. Nemandi getur riðið tölt og liðkandi æfingar á tömdum hesti. Nemandi getur hringteymt hest á einum taum og æft sniðgang í hendi. Nemandi getur dregið undan, klippt hófa og smalað á hesti. Nemandi getur reiknað út fóðurparfir.

**Lýsing:** Nemandinn lærir að ríða tamingatryppum á víðavangi. Hann lærir að ríða tölt og liðkandi fimiæfingar á tömdum hesti. Hann lærir að hringteyma hesta á einum taum. Hann lærir að smala og reka hross á hesti. Hann lærir að kenna hesti að fara sniðgang í hendi. Hann lærir að reikna út fóðurparfir hrossa og gera fóðuráætlanir. Hann lærir að draga undan og klippa hófa.



### **Verkleg efnisatriði**

Einfaldur taumur  
Tryppum riðið á víðavangi; fet, brokk og stökk  
Ríður tölt á tömdum hesti  
Liðkandi fimisæfingar á tömdum hesti  
Hringteyming með einum taum  
Smala og reka hross á hesti  
Sniðgangur í hendi  
Reikna út fóðurþarfir hrossa og gera fóðuráætlanir  
Draga undan og klippa hófa

### **Fyrirlestrar (12) - efnisatriði**

Einfaldur taumur  
Útreiðar  
Töltreidd (2)  
Liðkandi æfingar; framfótasnúningur og -hnappur  
Hringteyming einn taumur fet og brokk  
Sniðgangur í hendi  
Reikna fóðurþarfir, fóðurtegundir (4)  
Kennsla á lægri stigum, kennslufræði